# Föstudagur 21. júlí



## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Gosi (30)** (Pinocchio). Teiknimyndaflokkur um ævintýri Gosa. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir. Leikraddir Örn Árnason.
18.15 **Litli sægarpurinn** (Jack Holborn). Áttundi þáttur. Nýsjálenskur myndaflokkur í tólf þáttum. Aðalhlutverk Monte Markham, Terence Cooper, Matthias Habich og Patrick Bach. Þýðandi Sigurgeir Steingrímsson.
18.45 **Táknmálsfréttir.**
18.50 **Austurbæingar** (Eastenders). Breskur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Kristmann Eiðsson.
19.20 **Benny Hill.** Breskur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Stefán Jökulsson.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Safnarinn.** Þáttaröð um nokkra Íslendinga sem haldnir eru söfnunaráráttu. Í þessum þætti hittum við fyrir Sverri Hermannsson húsasmíðameistara á Akureyri, en hann á mikið safn trésmíðaverkfæra. Umsjón Bjarni Hafþór Helgason.
21.00 **Valkyrjur** (Cagney and Lacey). Bandarískur sakamálamyndaflokkur. Þýðandi Kristrún Þórðardóttir.
21.50 **Svik að leiðarlokum** (Hostage Tower). Bandarísk spennumynd frá 1980 gerð eftir samnefndri sögu Allistair MacLean. Hópur manna tekur móður Bandaríkjaforseta í gíslingu og kemur sér fyrir í Eiffelturninum í París á meðan beðið er eftir lausnargjaldinu. Leikstjóri Claudio Guzman. Aðalhlutverk Peter Fonda, Maud Adams, Billy Dee Williams, Keir Dullea og Britt Ekland. Þýðandi Óskar Ingimarsson.
23.25 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

16.45 **Santa Barbara.**
17.30 **Maður, kona og barn.** Man, Woman and Child. Bob er liðlega þrítugur fyrirmyndarheimilisfaðir, á eiginkonu og tvær dætur. Hann hefur reynst konu sinni trúr ef frá er talið lítið ástarævintýri með lækninum Nicole í Frakklandi fyrir tíu árum. Dag einn fær hann upphringingu frá Frakklandi og honum er sagt að Nicole sé látin og að níu ára sonur þeirra sé nú einn síns liðs. Aðalhlutverk: Martin Sheen, Blythe Danner og Craig T. Nelson.
19.19 **19:19.** Fréttir og fréttatengt efni ásamt veður- og íþróttafréttum.
20.00 **Teiknimynd.** Létt og bráðsmellin teiknimynd fyrir alla aldurshópa.
20.15 **Ljáðu mér eyra...** Glóðvolgar fréttir úr tónlistarheiminum. Nýjustu kvikmyndirnar kynntar. Fróm viðtöl. Umsjón: Pia Hanson.
20.30 **Stöðin á staðnum.** Síðasti viðkomustaður Stöðvar 2 á ferð um landið verður Ólafsvík.
21.00 **Bernskubrek.** The Wonder Years. Gamanmyndaflokkur fyrir alla fjölskylduna. Aðalhlutverk: Fred Savage, Danica McKellar o.fl.
21.30 **Leynilöggan.** Inspector Clouseau. Meiri háttar bankarán hefur verið framið í breskum banka. Þeir hjá Scotland Yard sjá sig knúna til þess að leita eftir aðstoð út fyrir landsteinana. Frakkland verður fyrir valinu en þaðan kemur hinn víðfrægi spæjari, Clouseau lögregluforingi. Clouseau reynir af fremsta megni að komast á spor bankaræningjanna en sérstakar rannsóknaraðferðir hans draga langan slóða á eftir sér. Þetta er fyrsta mynd Alans Arkin í hlutverki lögreglufulltrúans Clouseau en fyrirrennari hans var hin víðfrægi Peter Sellers. Aðalhlutverk: Alan Arkin, Frank Finaly og Delia Boccardo.
23.00 **Í helgan stein.** Coming of Age. Léttur gamanmyndaflokkur sem fjallar um fullorðin hjón og lífsmáta þeirra eftir að þau setjast í helgan stein. Aðalhlutverk Paul Dooley, Phyllis Newman og Alan Young.
23.25 **Óaldarflokkurinn.** The Wild Bunch. Vestri sem gerist árið 1914 og lýsir á vægðarlausan hátt lífi fimm miðaldra kúreka sem vakna upp við þann vonda draum að lifnaðarhættir þeirra eru tímaskekkja í villta vestrinu. Þeir sjá þann kost vænstan að leggja byssubeltin á hilluna – en fyrst verða þeir að sinna ákveðnu verkefni. Nærri landamærum Texas er miðstöð járnbrautarlesta og þar hyggja þeir að sé fengur sem gæti orðið til þess að þeir gætu sest í helga stein og átt náðugt ævikvöld. Foringja flokksins leikur William Holden en meðal annarra í genginu er Ernest Borgnine. Aðalhlutverk Ernest Borgnine, William Holden, Robert Ryan og Edmond O'Brien.
1.35 **Gluggagægir.** Windows. Spennumynd sem fjallar um Andreu, blóðþyrsta lesbíu sem fellir hug til ungrar hlédrægrar nágrannastúlku sinnar. Þegar unga stúlkan verður fyrir barðinu á óþekktum árásarmanni leitar hún á náðir Andreu grunlaus um hvern mann hún hefur að geyma. Aðalhlutver Talia Shire og Elizabeth Ashley.

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Hreinn Hjartarson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið** með Ingveldi Ólafsdóttur.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn:** Fúfú og fjallakrílin – óvænt heimsókn eftir Iðunni Steinsdóttur. Höfundur les. (13.) (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Landpósturinn** – Frá Austurlandi. Umsjón: Haraldur Bjarnason.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Sveitasæla.** Umsjón: Signý Pálsdóttir (Einnig útvarpað kl. 21.00 næsta mánudag.)
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Anna Ingólfsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.05 **Í dagsins önn.** Umsjón: Anna M. Sigurðardóttir.
13.35 **Miðdegissagan:** Að drepa hermikráku eftir Harper Lee. Sigurlína Davíðsdóttir les þýðingu sína. (26.)
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Ljúflingslög.** Svanhildur Jakobsdóttir kynnir. (Einnig útvarpað aðfaranótt miðvikudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Að framkvæma fyrst og hugsa síðar.** Umsjón: Smári Sigurðsson. (Frá Akureyri) (Endurtekinn frá miðvikudagskvöldi).
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin – Dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Létt grín og gaman á föstudegi. Umsjón: Sigríður Arnardóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Vivaldi, Mozart og Larsson.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpi aðfaranótt mánudags kl. 4.40.) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá.** Umsjón: Freyr Þormóðsson og Ragnheiður Gyða Jónsdóttir.
20.00 **Litli barnatíminn:** Fúfú og fjallakrílin – óvænt heimsókn eftir Iðunni Steinsdóttur. Höfundur les. (13.) (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Lúðraþytur.** Skarphéðinn Einarsson kynnir lúðrasveitartónlist.
21.00 **Sumarvaka.** a. Víst skal ég vinda mig, himnaríkisfuglinn minn – Spjall um fugla og lestur úr þjóðsögum. Arndís Þorvaldsdóttir tekur saman. Lesari með henni er Eymundur Magnússon. (Frá Egilsstöðum) b. Nú máttu hægt um heiminn líða – Íslensk lög sungin og leikin. c. Um Aþenuborg. Jón Þ. Þór les gamlan ferðaþátt eftir Einar Magnússon. Umsjón: Gunnar Stefánsson.
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Danslög.**
23.00 **Í kringum hlutina.** Umsjón: Þorgeir Ólafsson.
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Anna Ingólfsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
1.00 **Veðurfregnir.**
1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## RÁS 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
9.03 **Morgunsyrpa.** Eva Ásrún Albertsdóttir. Neytendahorn kl. 10.05. Afmæliskveðjur kl. 10.30. Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónassyni sem leikur þrautreynda gullaldartónlist.
14.03 **Milli mála.** Skúli Helgason á útkíkki og leikur nýju lögin. Veiðihornið rétt fyrir fjögur.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Sigurður Þór Salvarsson og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Arthúr Björgvin Bollason talar frá Bæjaralandi. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu, sími 91 38 500. -
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Íþróttarásin** – Íslandsmótið í knattspyrnu, 1. deild karla. Íþróttafréttamenn lýsa leikjum; KA – FH og Fylkis – Fram.
22.07 **Síbyljan.** Sjóðheitt dúndurpopp beint í græjurnar. (Endurtekinn frá laugardegi.)
0.10 **Snúningur.** Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalög.
2.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

### NÆTURÚTVARP

2.00 **Fréttir.**
2.05 **Rokk og nýbylgja.** Skúli Helgason kynnir. (Endurtekið frá mánudagskvöldi.)
3.00 **Róbótarokk.** Fréttir kl. 4.00.
4.30 **Veðurfregnir.**
4.35 **Næturnótur.**
5.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
5.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
6.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
6.01 **Á frívaktinni.** Þóra Marteinsdóttir kynnir óskalög sjómanna. (Endurtekinn þáttur frá mánudegi á Rás 1.)
7.00 **Morgunpopp.** Svæðisútvarp Norðurlands kl. 8.10–8.30 og 18.03–19.00. Svæðisútvarp Austurlands kl. 18.03–19.00

## FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist. Kl. 8.30 er fluttur stuttur veiðiþáttur Þrastar Elliðasonar, með viðtölum og fréttum af veiði.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Valdís er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Óskalögin, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu góðu lögin, allt á sínum stað. Bjarni Ólafur stendur alltaf fyrir sínu.
18.10 **Reykjavík síðdegis. Hvað finnst þér?** Hvað er efst á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til málanna í síma 61 11 11. Þáttur sem dregur ekkert undan og menn koma til dyranna eins og þeir eru klæddir þá stundina. Umsjónarmaður er Arnþrúður Karlsdóttir.
19.00 **Ólafur Már Björnsson.** Kynnt undir helgarstemmningunni í vikulokin.
22.00 **Haraldur Gíslason.** Harðsnúni Halli kann „helgartökin" á tónlistinni. Óskalög og kveðjur í símum 68 19 00 og 61 11 11.
2.00 **Næturdagskrá.**
**Fréttir á Bylgjunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.**

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist. Kl. 8.30 er fluttur stuttur veiðiþáttur Þrastar Elliðasonar, með viðtölum og fréttum af veiði.
9.00 **Gunnlaugur Helgason.** Leikir, tónlist og ýmislegt létt sprell með hlustendum. Gunnlaugur leikur nýjustu lögin og kemur kveðjum og óskalögum hlustenda til skila.
14.00 **.Margrét Hrafnsdóttir.** Margrét stjórnar tónlistinni með duglegri hjálpa hlustenda. Ný tónlist situr í fyrirrúmi. Þægileg og róleg tónlist milli kl. 18.10 og 19.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Ólafur Már Björnsson.** Kynt undir helgarstemningunni í vikulokin.
22.00 **Haraldur Gíslason.** Harðsnúni Halli kann „helgartökin" á tónlistinni. Óskalög og kveðjur í símum 68 19 00 og 61 11 11.
2.00 **Næturstjörnur.**
**Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00.**

## Rót ÚTVARP FM 106,8

09.00 **Rótartónar.**
11.00 **Við við viðtækið.** E.
12.30 **Goðsögnin um G. G. Gunn.** E.
13.30 **Tónlist.**
14.00 **Í upphafi helgar...** með Guðlaugi Júlíussyni.
17.00 **Geðsveiflan** með Alfreð J. Alfreðssyni.
19.00 **Raunir.** Tónlistarþáttur í umsjá Reynis Smára.
20.00 **Það erum við.** Unglingaþáttur. Emil Örn og Hlynur.
21.00 **Gott bít.** Tónlistarþáttur í umsjá Kidda kanínu og Þorsteins Högna.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt**

## EFF EMM 95,7

7.00 **Hörður Arnarson.**
9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
13.00 **Hörður Arnarson.**
15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
19.00 **Anna Þorláks.**
22.00 **Þorsteinn Högni Gunnarsson.**
1.00 **Sigurður Ragnarsson.**
3.00 **Nökkvi Svavarsson.**

## SKY CHANNEL

4.30 **Viðskiptaþáttur.**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaefni.
7.30 **The Panel Pot Pourri.** Skemmti- og leikjaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
11.00 **Another World.** Sápuópera.
11.55 **General Hospital.**
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **The Lucy Show.** Gamanþáttur.
14.45 **Lady Lovely Locks.** Teiknimynd.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **The Young Doctors.**
16.30 **Three's Company.** Gamanþáttur.
17.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
18.00 **Sale of the Century.** Getraunaþáttur.
18.30 **Black Sheep Squadron.** Spennuþáttur.
19.30 **Savannah Smiles.** Kvikmynd.
21.30 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur
22.30 **World's Most Spectacular Stuntmen.**

## SKY MOVIES

15.00 **Love Me Tender.**
17.00 **Prisoners of the Lost Universe.**
19.00 **The Color of Money.**
21.00 **The Pick-Up Artist.**
22.25 **Straight Time.**
00.20 **The Beast with a Million Eyes.**

## EUROSPORT

9.30 **Mobil Sport News.** Fréttir og fleira af kappakstri.
10.00 **Surfer magazine.** Brimbrettakeppni á Hawaii.
10.30 **Hjólreiðar.** Tour de France.
11.30 **Ástralski fótboltinn.**
12.30 **Golf.** British Open.
15.00 **Hjólreiðar.** Tour de France.
15.30 **Eurosport Menu.**
17.00 **Hafnabolti.** Leikur vikunnar úr amerísku deildinni.
18.00 **Hjólreiðar.** Tour de France.
19.00 **Rugby.** Hörkukeppni í áströlsku deildinni.
20.00 **Golf.** Britsh Open.
22.30 **Hjólreiðar.** Tour de France.

## SUPER CHANNEL

13.30 **Off the Wall.** Poppþáttur.
14.30 **Hotline.**
16.30 **The Global Chart Show.** Tónlistarþáttur.
17.30 **Foley Square.**
18.00 **Ferðaþáttur.**
18.25 **Hollywood Insider.**
18.50 **Transmission.**
19.45 **Fréttir og veður.**
20.00 **In Concert Special.**
21.00 **Manhattan Transfer.**
22.30 **Fréttir, veður og popptónlist.**



Alan Arkin stendur sig með prýði í hlutverki Clouseaus lögregluforingja.

### Stöð 2 kl. 21.30:

# Leynilöggan

Clouseau, lögregluforingi í París, og leikarinn Peter Sellers eru einn og sami maðurinn í hugum margra. Fleiri leikarar hafa þó spreytt sig á hlutverkinu, t.d. Alan Arkin sem hér reynir að leysa hin flóknustu sakamál.

Clouseau er kallaður til aðstoðar Scotland Yard, rannsóknarlögreglu Breta, við að upplýsa stórfenglegt bankarán. Fransmaðurinn er boðinn og búinn en áður en yfir lýkur skilur hann eftir sig langan slóða eyðileggingar eins og hans er von og vísa. En málið leysir hann.

Með Alan Arkin í mynd þessari eru Frank Finaly og Delia Boccardo en leikstjóri er Bud Yorkin.

Maltin segir að túlkun Sellers sé almenningi allt of eftirminnileg til að hann geti tekið Arkin trúanlegan í hlutverkinu þrátt fyrir góða frammistöðu. Ekki bætir það heldur úr skák að myndin er hreint ekki nógu fyndin. Hún fær aðeins tvær stjörnur.

### Stöð 2 kl. 1.35:

# Gluggagægir

Lokamynd Stöðvar 2 í kvöld er af allt öðru sauðahúsi en meistaraverk Sams Peckinpah um kúrekana gömlu. Í Gluggagægi segir frá Andreu, blóðþyrstri lesbíu sem fellir hug til ungrar hlédrægrar nágrannakonu sinnar. Sú hlédræga er aftur á móti ástfangin af leynilöggu einni.

Dag nokkurn verður unga stúlkan fyrir barðinu á árásarmanni, fólskulegum drjóla, og leitar ásjár grannkonunnar góðu, Andreu hinnar blóðþyrstu. Stúlkan er hins vegar grunlaus um hvern hug Andrea ber til hennar. Tekur nú að kárna gamanið.

Mynd þessi á að heita þriller. Maltin segir hana afturhaldssama og móðgandi og honum er um megn að skilja hvers vegna hún var yfirhöfuð framleidd.

Með aðalhlutverkin í þessu fara þær Talia Shire og Elisabeth Ashley, auk Josephs Cortese sem leikur lögguna. Leikstjóri er Gordon Willis, frægur kvikmyndatökumaður, en leikstýrir hér í fyrsta sinn.



Hasar og hetjudáðir við Eiffelturninn í Sjónvarpinu í kvöld.

### Sjónvarp kl. 21.50:

# Svik að leiðarlokum

Varla hefði verið hægt að hugsa sér ákjósanlegri tíma fyrir sýningu bíómyndar þessarar í sjónvarpinu, einmitt þegar París er í kastljósi allra fjölmiðla. Hér segir nefnilega frá ofurglæpamanninum herra Smith sem ætlar að fremja óhæfuverk aldarinnar, ræna sjálfum Eiffelturninum.

Herra Smith hefur gert hina djörfustu áætlun. Hann ætlar, ásamt um 30 manna hópi vel vopnaðra sérfræðinga, að hertaka turninn um hábjartan dag og halda þar einni konu í gíslingu. Ekki bara einhverri konu heldur móður forseta Bandaríkjanna.

Tilgangurinn með öllu saman er svo að fara fram á þrjátíu milljón dollara lausnargjald fyrir þá gömlu.

En ekki er allt sem sýnist og reynast þrír maðkar liggja í leyni í mysunni góðu hans herra Smiths, þrír „sérfræðingar" sem í raun eru á okkar bandi, góða fólksins í heimi hér. Þremenningarnir taka til sinna ráða en hér verður ekki spurt að leikslokum.

Mynd þessi er gerð eftir sögu Alistair MacLean og í henni leika Peter Fonda, Maud Adams, Billy Dee Williams og margir fleiri. Leikstjóri er Claudio Guzman. Maltin segir myndina meðalmennskulega vitleysu.